Þegar greint var eftir stærð fyrirtækja kom í ljós að hlutfall þeirra sem töldu eldra starfsfólkið verðmætara en það yngra var hæst í smæstu fyrirtækjunum í fjölda starfsmanna talið, en fór lækkandi eftir því sem fyrirtækin stækkuðu. Sérhæfing er meiri í stærri fyrirtækjum og til dæmis víðtæk almenn þekking því ekki eins mikilvæg og í mörgum störfum í smærri fyrirtækjum. Þegar litið er til atvinnugreina þá var hlutfall þeirra sem töldu eldra starfsfólkið verðmætara hæst í ferðaþjónustu og meðal rafverktaka, en lægst meðal fjármálafyrirtækja.²

Norræn vinnumarkaðsrannsókn sem nýlega var unnin á vegum norrænu ráðherranefndarinnar leiddi í ljós að eldri starfsmenn eru taldir búa jafnan yfir þeirri lykilþekkingu sem hver vinnustaður þarf á að halda. Þeir eru minnst frá vegna veikinda, sýna mestu trúmennskuna gagnvart vinnustaðnum, eru ábyrgðarfullir og sýna mestu framleiðnina.³ Þessi rannsókn greindi jafnframt frá því að kostnaður fyrirtækja vegna fjarveru eða veikinda er mun minni vegna eldri starfsmanna en þeirra sem yngri eru. Kostnaður vegna veikindafjarvista 55 ára og eldri var 30% minni en hjá 25–34ra ára starfsmönnum og skýrist munurinn aðallega af fjarvistum vegna fæðingarorlofs og veikinda barna.

Samandregnar helstu niðurstöður kaflans

Niðurstöður úr viðhorfskönnun Gallup varðandi aldurstengda mismunun eru ekki einhlítar. Svo virðist sem ekki sé um aldurstengda mismunun að ræða á vinnumarkaði á Íslandi en þegar fólk eldra en 50 ára er spurt beint um eigin reynslu af atvinnumissi vegna aldurs, kveðst meirihluti þess ekki hafa slíka reynslu. Svör við spurningunum um möguleika eldra fólks til stöðuhækkunar; um mat á yngra fólki á vinnumarkaði miðað við eldra fólk og þátttaka eldra og yngra fólks í endurmenntun eða starfsþjálfun, gefa til kynna aldursbundna mismunun. Á bilinu 7-9% aðspurðra sem eru á vinnumarkaði kveðst þekkja til fólks á sínum vinnustað sem hafi orðið fyrir slíkri mismunun.

Í könnun Samtaka atvinnulífsins kemur fram að eldra fólk er ekki talið síðri starfskraftur en það sem yngra er og er sjaldnar frá vinnu vegna veikinda og er jákvæðara í garð vinnunnar en yngra fólk. Í norrænni rannsókn frá desember 2003 kemur fram að kostnaður fyrirtækja vegna fjarveru eða veikinda er mun minni vegna eldri starfsmanna en þeirra sem yngri eru.

² Vefsíða Samtaka atvinnulífsins: www.sa.is

³ PLS Ramboll management; Nordisk Ministerråd, Seniorers konkurrencekraft, Analyse af seniorpolitikker og seniorers værdi i fire nordiske lande, desember 2003.

Starfs- og endurmenntun

Starfsmenntasjóðir

Á árinu 2000 gerðu Samtök atvinnulífsins samninga við við Flóabandalagið, Starfsgreinasambandið og verslunarmannafélögin um stofnun sérstakra fræðslusjóða á almennum vinnumarkaði, til að sinna starfsfræðsluþörfum ófaglærðs starfsfólks á vinnumarkaði. Áður höfðu verið gerðir sambærilegir samningar við iðnaðarmannafélögin. Þessir sameiginlegu fræðslusjóðir eru: Starfsafl, með félögum í Flóabandalaginu, Landsmennt, með Starfsgreinasambandinu og Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks, með Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur og Landssambandi íslenskra verzlunarmanna. Þann 31. maí 2002 gerðu Samtök atvinnulífsins og Landssamband íslenskra útvegsmanna samkomulag við Sjómannasamband Íslands um stofnun fræðslusjóðs sjómanna sem hlaut nafnið Sjómennt.

Nefndin leitaði eftir upplýsingum um nýtingu hjá starfsmenntasjóðum með tilliti til aldursdreifingar, kyns og fjölda í hverjum aldurshópi frá og með árinu 2000. Einnig óskaði nefndin eftir upplýsingum um reglur sjóðanna.

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks


Veittur er starfsmenntastyrkur allt að 60.000 kr. á ári, en þó aldrei meira en sem nemur helmingi af námskeiðsgjaldi. Fullan styrk má nýta í fleiri en eitt námskeið. Stig dragast frá í samræmi við þá fjárhæð sem greidd er. Við nýtingu fulls starfsmenntastyrks dragast 60 stig frá stigaeign, en eitt stig er gefið fyrir hvern mánuð sem greitt er iðgjald í sjóðinn.

Nýting félagsmanna Starfsmenntasjóðs Verzlunarmannafélags Reykjavíkur á styrkjum til starfsmenntunar árið 2003

<i>Aldur</i>	<i>Hlutfall(%)</i>
20–29	18
30–39	22
40–49	22
50–59	20
60>	15

Upp úr fimmtugu fer þátttaka fólks að minnka á starfsmenntunarnámskeiðum og jafnframt er fólk að sækja sér ódýrari námskeið að meðaltali og enn ódýrari upp úr sextugu eins og sjá má á neðangreindri mynd.

Starfsmenntasjóður Verzlunarmannafélags Reykjavíkur - meðalverð á námskeiðum eftir aldri



Heimild: Verzlunarmannafélag Reykjavíkur

Starfsmennt – könnun

Í apríl árið 2003 fékk Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks IMG-Gallup til að framkvæma fyrir sig viðhorfskönnun með það að markmiði að kanna þörf fyrir menntun hjá verslunar- og skrifstofufólki.

Þar kom meðal annars fram að þegar spurt var um áherslur á endurmenntun í fyrirtæki viðkomandi, svaraði meirihluti því þannig til að lítil áhersla væri á endurmenntun. Þegar spurt var hvort viðkomandi hafi verið í einhverju námi eða sótt námskeið á síðast liðnum tveimur árum kom í ljós marktækur munur á aldurshópum með tilliti til menntunar. Langfámennasti hópurinn sem svaraði játandi var hópurinn 55–70 ára en næst fjölmennasti hópurinn var 45–54ra ára. Meiri skólaganga spyrjenda sýndi aukna þátttöku í endur- eða starfsmenntun.

Þegar spurt var hvers vegna viðkomandi hafi ekki farið í nám eða námskeið, kom í ljós að í hópi þeirra sem svaraði á þann hátt að þeim hefði ekki staðið það til boða, voru flestir í aldurshópnum 55–70 ára og þeir sem svöruðu því þannig til að ekki væri áhugi, tilheyrðu flestir einnig þessum aldurshópi.⁴

⁴ Viðhorfskönnun Gallup fyrir Starfsmenntasjóð verzlunar- og skrifstofufólks; apríl 2003

Starfsafl

Félagar í aðildarfélögum Flóabandalagsins geta sótt um einstaklingsstyrki að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Endurgreiðsluhlutfall náms/námskeiðsgjalda árið 2002 var 60%, en að hámarki 27.000 kr. Aukning einstaklingsstyrkja á milli mánaða allt árið 2002 var veruleg.⁵

Tafla 1. Styrkir úr starfsmenntasjóði Starfsafls árið 2002

Félagsmenn verkalýðsfélaga í Flóabandalaginu eftir aldri sem fengu styrki úr starfsmenntasjóði í hlutfalli við landsmenn á sama aldri árið 2002						
Fjöldi íbúa	21–30	31–40	41–50	51–60	61–70	Samtals
	567	447	250	100	25	1.389
	42.951	41.804	41.478	32.066	19.959	178.258
Hlutfall	1,3%	1,1%	0,6%	0,3%	0,1%	0,8%

Heimild: Samtök atvinnulífsins

Þessi tafla sýnir sömu þróun og hjá Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks að upp úr fimmtugu minnkar þátttaka fólks í starfsmenntunarnámskeiðum.


Landsmennt

Greiddar eru að hámarki 35.000 kr. á ári ef félagsgjald er 10.400 kr. eða meira. Miða skal við almanaksárið. Aldrei er þó greitt meira en sem nemur 75% af námskostnaði.

Kynjaskipting einstaklingsstyrkja Landsmenntar frá árinu 2003

Greiddir hafa verið styrkir til um 4.000 einstaklinga frá byrjun starfseminnar og virðast konur á landsbyggðinni mun duglegri en karlar að sækja nám eða styttri námskeið.

Einstaklingsstyrkir: Kynjaskipting




Hlutfall kynjanna er 64% konur og 36% karlar ef heildarmyndin er tekin yfir starfið frá upphafi. Á árinu 2003 voru greiddir út styrkir til rúmlega 1600 einstaklinga.⁶


⁵ Ársskýrsla Starfsafls 2002

⁶ Ársskýrsla Landsmenntar 2003

Flokkun námskeiða og dreifing einstaklingsstyrkja Landsmenntar á tegundir námskeiða.



Aldursdreifing úthlutaðra styrkja Landsmenntar frá upphafi.



Á þessari mynd sést að strax uppúr fimmtugu fer að minnka nýting styrkja og hópurinn 51–70 er samtals með minni nýtingu en til samanburðar hópurinn 31–40 ára eða 22,5% á móti 24%.⁷

⁷ Ársskýrsla Landsmenntar 2003

Ráðstefna 45+

Í maí 2004 var haldin ráðstefna um málefni miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Ónýt – ónýtt starfsorka? ráðstefna um atvinnumál 45+“. Þar var velt upp spurningum; hvort æskudýrkun í starfsmannamálum sé því valdandi að margt fólk 45 ára og eldra, með fulla starfsorku, eigi erfitt með að fá vinnu, hvort fjölgun í aldurshópnum 45–66 auki á þennan vanda á næstu árum og hvort tímabært sé að breyta viðhorfi almennings til eiginleika þeirra sem eldri eru og hæfni þeirra til starfa. Upphafsmenn hugmyndar um ráðstefnuna voru nokkrir einstaklingar sem höfðu misst vinnu á miðjum aldri.

Á ráðstefnunni kom meðal annars fram það sjónarmið að um vandamál sé að ræða á vinnumarkaði sem birtist einkum í því að eldra fólki gengur erfiðar að fá vinnu en öðrum hópum, verði það atvinnulaust. Þetta megi meðal annars rekja til þess að vinnumarkaðurinn krefst sífelld meiri þekkingar og hraðari tækniþróun kallar á öflugri endur- og símenntun sem þá eldra fólk virðist síður tileinka sér en aðrir hópar á vinnumarkaði.

Áhugahópurinn sendi erindi til nefndarinnar þar sem gerð var grein fyrir markmiðum hópsins og tillögum:

Áhugahópur um atvinnumál 45+ hyggst vinna að því að komið verði á fót skipulagðri starfsemi til að vinna að bættri ímynd starfskrafta og sjálfsmynd fólks 45 ára og eldra með það að markmiði að létta því atvinnuleit og stytta atvinnuleysistíma þess. Með því telur hópurinn að koma megi í veg fyrir alvarleg vandamál þessa fólks, s.s. þunglyndi, örorku og jafnvel sjálfsvíg.

Áhugahópurinn telur rétt að stofnuð verði framkvæmdanefnd um verkefnið sem notið gæti fjárstuðnings frá ríkissjóði. Nefndin gæti starfað á svipaðan hátt og til dæmis Tóbaksvarnarnefnd hefur starfað á árangursríkan hátt á undanförunum árum. Hún gæti t.a.m. starfað í skjóli Vinnuálastofnunar en best væri að hún væri sem sjálfstæðust til að geta virkjað grasrótina eins og til dæmis Geðhjálp hefur gert á eftirtektarverðan hátt að undanförunu. Hlutverk og helstu verkefni framkvæmdanefndarinnar yrðu fræðsla, útgáfumál, kynningarmál og ráðgjöf.

Rannsóknir á aldurstengdri mismunun erlendis

Erlendis sýna rannsóknir að um aldurstengda mismunun er að ræða á vinnumarkaði. Norsk rannsókn leiðir í ljós að almennt er talið að eldri starfsmenn eigi erfiðara með að tileinka sér nýja hluti og taka breytingum. Þetta síðan hefur áhrif á framgang eldra starfsfólks á vinnustað og helstu birtingarmyndir mismununar eru þær að einstaklingar sem álitnir eru eldri/gamlir eða skilgreindir sem slíkir virðast ekki fá að taka fullan þátt í menntun/endurmenntun og starfsmannasamtölum og þeir fá sjaldnar ný verkefni og ögrandi viðfangsefni. Það virðist vera tilhneiging til að koma fram við einstaklinga sem eru álitnir eldri/gamlir sem einslitan hóp á grunni neikvæðra viðhorfa eða fordóma sem oft komi ekki beint fram í dagsljósið.⁸

⁸ Skjerpet vern mot diskriminering i arbeidslivet; Oslo 2002/ Nova Rapport 2001 For gammel?

Í Finnlandi hefur atvinnumálaráðuneytið (Arbetsministeriet) síðan 1992 fylgst með breytingum í atvinnulífinu. Niðurstöður frá 2003 sýna að tíundi hver viðmælandi segist hafa orðið var við mismunun gagnvart eldri starfsmönnum. Innan ríkisstofnana og innan iðnaðarins hefur mismunun vegna aldurs aukist hin síðari ár.⁹

Í rannsókn frá 2002 sem gerð var fyrir Senter for seniorpolitikk í Noregi kom fram að 1/3 vinnufæra Norðmanna taldi að fólki sé frekar oft eða oft mismunað vegna aldurs. Viðhorfskönnun frá Evrópusambandslöndunum sýnir að slík skoðun er álíka algeng á meðal yngra fólks og eldra. Meirihluti aðspurðra sem var eldri en 15 ára taldi að aldurstengd mismunun væri fyrir hendi við nýráðningar, endurmenntun og stöðuhækkunar. Meirihluti aðspurðra í öllum löndunum, fyrir utan Danmörku, sem þá voru 12, voru fylgjandi lagasetningu til þess að koma í veg fyrir aldurstengda mismunun í atvinnulífinu.¹⁰

Í Bretlandi er samfélagslegur kostnaður vegna aldursmismununar reiknaður geysilega mikill. Einn af hverjum átta breskra atvinnurekenda segjast tilgreina aldur þegar þeir auglýsa eftir starfsfólki.¹¹

Samandregnar helstu niðurstöður kaflans

Erlendar rannsóknir og kannanir sýna fram á að í þessum löndum er aldurstengdur mismunur á vinnumarkaði. Einnig kemur í ljós verulegur þjóðhagslegur samfélagslegur kostnaður vegna brottfalls þessa hóps af markaðinum.

Endur- og símenntun virðist vera áhrifaþáttur varðandi möguleika miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði sem sífellt er í tæknilegri gerjun og breytingar krefjast þess að fólk sé í námi alla starfsævina. Upp úr fimmtugu dregur úr þátttöku fólks í sí- og endurmenntun samkvæmt gögnum starfsmenntasjóða. Endurgreiðslur sjóðanna standa einungis undir styttri námskeiðum. Ekki er ljóst hvort jafnvægi er á milli framboðs og eftirspurnar endur- og starfsmenntunar eða hvort sú endurmenntun sem í boði er sé nógu sýnileg. Einhverra hluta vegna dregur mjög úr þátttöku fólks eldra en 50 ára í endur- og starfsmenntun.

⁹ Upplýsingar unnar fyrir nefndina frá Arbetsministeriet í Finnlandi.

¹⁰ Skjerpet vern mot diskriminering i arbeidslivet; Oslo 2002

¹¹ Vefsíða: www.seniorpolitikk.no "Britene bekjemper diskriminerende annonser"

Mannfjöldapróun, atvinnuþátttaka, atvinnuleysi

Nefndin taldi, að til þess að geta lagt mat á stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði þyrfti að líta til ýmissa þátta sem snúa að mannfjöldapróun, atvinnuþátttöku og atvinnuleysi almennt og einnig þessa hóps til samanburðar. Einnig þurfti að líta til þróunar erlendis.

Ekki liggja fyrir rannsóknir um málefni þessa hóps á Íslandi en ýmis konar tölfræði er fyrirbyggjandi.

Mannfjöldapróun


Mannfjöldapróun í heiminum – hlutfall íbúa yfir 60 ára

<i>Mannfjöldapróun hlutfall íbúa yfir 60 ára</i>			
	1970	1995	2050
<i>Heimurinn</i>	8,4	9,5	20,7
<i>Þróaðri svæði</i>	14,5	18,3	31,2
<i>Minna þróuð svæði</i>	6,1	7,3	19,2
<i>Afrika</i>	5,0	5,0	11,8
<i>Asía</i>	6,5	8,2	21,9
<i>Evrópa</i>	15,5	18,9	32,8
<i>Suður Amerika og</i>	6,4	7,5	22,2
<i>Karabíska svæðið</i>			
<i>Norður Amerika</i>	13,8	16,3	27,4
<i>Eyjaálfa</i>	10,7	13,0	23,8

Heimild: Ageing and labour markets for older workers; 1999

Eins og flest önnur OECD ríki stendur Ísland frammi fyrir miklum félags- og efnahagslegum breytingum á næstu áratugum. Lækkun fæðingartíðni og auknar lífslíkur munu leiða til að vinnufærum einstaklingum fækkar en útgjöld til, heilsugæslu og lífeyris aukast. Þannig munu sífellt færri einstaklingar standa undir velferðarkerfinu.

Mannfjöldi á Íslandi eftir kyni og aldri 1990 og 2003




Heimild: Hagstofa Íslands

Mannfjöldatréd að ofan sýnir stöðuna á Íslandi árið 1990 og 2003. Ekki er um að ræða sama mynstur og hjá nágrannaþjóðum okkar, en engu að síður er þróunin í sömu átt og hjá öðrum þjóðum. Lækkuð fæðingartíðni hin síðari ár hefur haft í för með sér hækkaðan meðalaldur þjóðarinnar. Bættar lífslíkur síðustu áratuga hafa ennfremur leitt til þess að hlutfall aldraðra hefur hækkað. Samanborið við flest önnur Evrópulönd er íslenska þjóðin ung og er hlutur aldraðra á Íslandi talsvert minni en annarsstaðar í Evrópu. Einnig má sjá að fólki hér á landi á aldursbilinu 20–59 ára hefur fjölgað á síðustu áratugum, öfugt við það sem sjá má í nágrannalöndunum. Þetta má einkum rekja til hinna fjölmennu árganga sem fæddust á sjöunda áratugnum og í upphafi þess áttunda. Eftir 2–3 áratugi, þegar þeir sem eru á aldrinum 35–49 ára í dag komast á eftirlaunaaldur, má gera ráð fyrir afar mikilli og snöggri fjölgun aldraðra hér á landi.¹²

¹² Hagstofa Íslands, Hagtíðindi 18. febrúar 2004

Atvinnuþátttaka

Atvinnuþátttaka á Íslandi árið 2002 flokkað eftir aldri og kyni.



Frá árinu 1991, en þá hóf Hagstofan vinnumarkaðsrannsóknir sínar, hefur atvinnuþátttakan haldist nokkuð stöðug. Greina má þó vaxandi atvinnuþátttöku kvenna frá 1991 en jafnframt minnkandi atvinnuþátttöku fólks á aldrinum 65–74 ára. Mikil atvinnuþátttaka er jafnframt sérstaða Íslendinga í samanburði við aðrar þjóðir.¹³

Ísland og Evrópa

Í Evrópu er unnið við að auka atvinnuþátttöku eldra fólks á vinnumarkaði sem er mjög lítil, einkum í samanburði við atvinnuþátttöku eldra fólks á Íslandi.

Sífelld minnkandi atvinnuþátttaka er samfélagslegt vandamál þar sem æ færri einstaklingar standa undir framleiðslunni og velferðarkerfinu sem sífelld verður dýrara eftir því sem þjóðin eldist og þarfir eldri aldurshópanna verða meiri.

Þetta ástand er einnig vandamál fyrir einstaklingana þar sem samsömun þeirra við samfélagið fer oftast fram á vinnumarkaði í vestrænum samfélögum. Það eru nánast mannréttindi að geta verið virkur þjóðfélagsþegn á vinnumarkaði svo lengi sem hver og einn kys innan ramma þeirra laga sem gilda í viðkomandi þjóðfélögum. Atvinnulífið þarfnast þátttöku eldra fólks á vinnumarkaði því í þeim liggja mikil verðmæti, reynsla og þekking.


Það er því allra hagur að halda í og tryggja þátttöku eldri starfsmanna á vinnumarkaði.

¹³ Hagstofa Íslands

Atvinnuþátttaka 50–69 ára í nokkrum OECD ríkjum

Atvinnuþátttaka

fólks á aldrinum 50 - 69 ára í nokkrum OECD ríkjum




Sérstaða Íslands kemur augljóslega fram á myndinni hér að ofan. Vinnumarkaðsþátttaka innan OECD ríkjanna hefur lækkað mikið á undanförunum árum. Þessa þróun má fyrst og fremst rekja til þess að á áttunda áratugnum voru möguleikar starfsmanna til þess að hverfa fyrr af vinnumarkaði og hefja töku eftirlauna rýmkaðir en ástæður þessa má rekja til samþils ýmissa þátta, s.s. mikils atvinnuleysis ungs fólks.

Atvinnuþátttaka eftir menntun

Menntun hefur afgerandi áhrif á atvinnuþátttöku og er línuleg samsvörun milli menntunar og atvinnuþátttöku, þ.e. meiri menntun fylgir aukin atvinnuþátttaka. Menntunarstig hefur meiri áhrif á atvinnuþátttöku en aldur og kynferði.¹⁴

Mannfjöldi og vinnuafl á Íslandi eftir menntun 2002




Heimild: Hagstofa Íslands

¹⁴ Hagstofa Íslands

Atvinnuleysi

Starf nefndarinnar fólst meðal annars í því að gera sér grein fyrir umfangi atvinnuleysis meðal miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði og kanna hvort þessi hópur skeri sig úr á einhvern hátt.


Þróun atvinnuleysis á Íslandi frá árinu 1999 til 2003.



Á árinu 2001 hófst samdráttur í efnahagslífinu eftir tiltölulega langvarandi þensluskeið allt frá miðjum síðasta áratug. Á árinu 2003 gætti aukinnar bjartsýni með þróun efnahagsmála og mátti seinni hluta ársins merkja batnandi stöðu hvað þróun atvinnuleysis varðar.¹⁵

Atvinnuleysi eftir menntun

Atvinnuleysi á Íslandi eftir menntun í nóvember 2003 samanborið við nóvember 2002.



Langmest er atvinnuleysið meðal fólks sem aðeins hefur lokið grunnskólaprófi eða sambærilegu námi. Atvinnuleysi meðal háskólamenntaðs fólks hefur aukist.

¹⁵ Vinnumálastofnun: Karl Sigurðsson, 2004

Atvinnuleysi eftir aldri.

Einkenni atvinnuleysis hjá fólki sem komið er yfir 45 ára aldurinn eru nokkuð ólíkt því sem gerist hjá yngra fólki. Árstíðabundnar sveiflur og hreyfing þessa hóps á atvinnuleysissskrá er almennt minni, en langtímaatvinnuleysi meira viðvarandi.


Fjöldi atvinnulausra á Íslandi eftir aldri

Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun í fjölda atvinnulausra síðustu ár, greint eftir aldri. Ljóst er að sveiflurnar í atvinnuleysi fólks sem komið er yfir 45 ára aldurinn eru mun minni en þeirra yngri. Í fyrsta lagi eru árstíðabundnar sveiflur mjög litlar og breytingar yfir lengri tíma eru einnig hægari.

Árið 2000 voru þeir sem komnir voru yfir 55 ára aldur fjölmennasti hópurinn á atvinnuleysissskrá.


Mjög fáir voru á hinn bóginn á atvinnuleysissskrá úr aldurshópnum 45–54 ára á árunum 2000 og 2001. Þeim fjölgaði nokkuð á árinu 2002. Þessir tveir aldurshópar eru nú síðustu árin mun minna áberandi á atvinnuleysissskrá en þeir yngri og hefur fjölgun á atvinnuleysissskrá einkum komið fram hjá þeim sem eru innan við 45 ára aldurinn.

Hlutfallsleg skipting atvinnuleysis eftir aldurshópum



líkindum minna en þeirra eldri. Í þriðja lagi má sjá að ef þeir sem komnir eru um eða yfir miðjan aldur missa vinnuna, er erfiðara fyrir þá að fá vinnu en þá yngri. Þetta endurspeglast í tölum um langtímaatvinnuleysi.¹⁶

Fjöldi atvinnulausra eftir aldri




¹⁶ Vinnumálastofnun: Karl Sigurðsson 2004

Langtímaatvinnuleysi

Af þeim hópi sem er á atvinnuleysissskrá og komnir eru yfir 45 ára aldurinn eru hlutfallslega flestir búnir að vera á atvinnuleysissskrá í 6 mánuði eða lengur, og teljast því til hóps langtímaatvinnulausra.

Hlutfall langtímaatvinnuleysis á Íslandi innan einstakra aldurshópa



Lægst er hlutfall langtímaatvinnulausra í yngsta aldurshópnum. Langtímaatvinnuleysi hjá þeim elstu hefur verið allt að 50%, en sveiflurnar eru töluverðar eftir árstíðum.

Fjöldi langtímaatvinnulausra hefur aukist í öllum aldurshópum síðustu misseri. Fram undir áramótin 2002–2003 var fjöldi langtímaatvinnulausra úr hópi 55 ára og eldri mest áberandi, en langtímaatvinnulausu fólki á aldrinum 25–44 ára hefur fjölgað mjög og eru nú álíka áberandi í hópi langtímaatvinnulausra, einkum 25–34 ára. En vegna þess að heildarfjöldi fólks á þessum aldri á atvinnuleysissskrá er mun meiri en þeirra eldri er langtímaatvinnuleysi hlutfallslega minna meðal þeirra yngri en þeirra eldri.¹⁷

Könnun á stöðu og högum langtímaatvinnulausra á höfuðborgarsvæðinu

Árið 2001 var gerð athugun á stöðu og högum langtímaatvinnulausra á höfuðborgarsvæðinu og var hún unnin af Vinnumálastofnun að frumkvæði Eflingar – stéttarfélag. Þar kom í ljós að aldurshópurinn 55 ára og eldri var fjölmennastur í hópi langtímaatvinnulausra og meirihluti þess hóps var ekki í atvinnuleit, oftast vegna heilsufarsástæðna. Algengasta orsök starfsuppsagna var uppsögn vegna skipulagsbreytinga, síðan samdráttur og tímabundið starf var einnig orsök. Í hópi 55 ára og eldri kom fram nokkur munur á ástæðum atvinnuleysis í samanburði við allan hópinn. Um 11% töldu að sér hefði verið sagt upp vegna aldurs. Mun fleiri úr þessum aldurshópi en öðrum hópum hættu vegna skipulagsbreytinga og samdráttar og einnig höfðu fleiri

¹⁷ Vinnumálastofnun: Karl Sigurðsson, 2004

verið í eigin rekstri. Fáir svörðu því játandi þegar þeir voru spurðir hvort þeir væru bjartsýnir á að finna vinnu við hæfi innan tveggja mánaða. Langoftast nefndu svarendur að aldurinn væri helsta ástæða þess að þeir fengu ekki vinnu. Lengd atvinnuleysis var einnig nefnt og að margir væru um hvert laust starf, menn vanti nám og/eða reynslu til auglýstra starfa og einnig voru félagslegar aðstæður ástæða svartsýni.

Kannað var hvort áhugi væri fyrir námskeiðasókn. Meiri hlutinn hafði áhuga á slíku en af þeim sem ekki höfðu áhuga á að sækja námskeið nefndu langflestir aldurinn sem aðal ástæðu. Eldra fólkinu fannst ekki ástæða til að sækja námskeið þar sem það taldi sig ekki hafa neina möguleika á að fá vinnu.

Staða hópsins 55 ára og eldri er að mörgu leyti talin ólík stöðu annarra atvinnulausra. Stór hópur þessa fólks er búinn að gefa upp alla von um að fá aftur vinnu. Atvinnuleysisskráning er því ekki sist til þess að tryggja fjárhagslega afkomu, verið er að brúa bilið þar til taka ellilífeyris hefst. Margir höfðu orð á því að þeir hefðu viljað hefja töku ellilífeyris fyrr, væri sá möguleiki fyrir hendi. Tekjutenging bóta úr almannatryggingakerfinu var mörgum hugleiknari en atvinnuleit. Tæplega helmingur hópsins vildi vinna og margir eins lengi og þeir mögulega gætu. Fólk talaði um að það hefði leitað fyrst eftir atvinnumissi að starfi en hætt fljótlega þar sem því hefði allsstaðar verið hafnað vegna aldurs. Átti þetta frekar við um konur en karla sem virtust leita meira og sögðust líka oftar tilbúnir til vinnu strax en það átti síður við um konurnar.¹⁸

Skýrsla þessi er óbirt og þátttaka í könnuninni undir þeim viðmiðum sem sett eru varðandi marktækni kannana. Þessi skýrsla bregður ljósi á aðstæður ákveðins hóps sem er langtímaatvinnulaus.

Örorka og atvinnuþátttaka eldra fólks

Á Íslandi hefur algengi örorku aukist marktækt á milli árána 1996 og 2002 eða um 6,2%. Fleiri konur eru öryrkjar eða 59,7% á móti 40,3% karla. Algengi örorku vex með aldri og árið 2002 er örorka 18,2% meðal kvenna á aldrinum 50–66 ára en 10,9% meðal karla á sama aldri.¹⁹ Hér á landi hefur sá fjöldi sem er á 75% örorku vaxið jafnt og þétt.

Talið er að á Íslandi megi telja líklegt að aukna tíðni örorku á milli árána 1996 og 2002 megi einkum rekja til gildistöku örorkumatsstaðals árið 1999 og breyttra aðstæðna á vinnumarkaði með auknum kröfum um vinnuafköst og auknu atvinnuleysi. Fjölgunin hefur verið jafnt og þétt í hópi karla og aldursdreifing ekki breyst en hjá konum hefur hundraðshluti yngri kvenna vaxið.²⁰

Þessi aukni fjöldi á örorku skýrist að nokkru af breytingum sem hafa verið gerðar við örorkumat. Það er hins vegar ekki skýring sem gildir nú á síðustu árum. Hlutfallslega hefur aukning örorku vegna geðraskana verið mest samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun.

¹⁸ Sólveig Magnúsdóttir 2001: Athugun á stöðu og högum langtímaatvinnulausra á höfuðborgarsvæðinu

¹⁹ Læknablaðið 2004/90: Algengi örorku á Íslandi 1. desember 2002 og Læknablaðið 2001/87 Örorkumat fyrir og eftir gildistöku örorkumatsstaðals.

²⁰ Læknablaðið 2004/90: Algengi örorku á Íslandi 1. desember 2002 og Læknablaðið 2001/87 Örorkumat fyrir og eftir gildistöku örorkumatsstaðals.

Tafla 2 Hluti aldurshópsins 16–66 ára sem eru á 75% örorku frá Tryggingastofnun ríkisins og hlutfall þeirra yngri en 50 ára

Taflan sýnir hundraðshluta á aldrinum 16–66 ára sem eru á 75% örorku frá Tryggingastofnun og hve stór hundraðshluti af þeim er yngri en 50 ára.

Ártal	KARLAR		KONUR	
	Örorka 16–66 ára	Örorka yngri en 50 ára	Örorka 16–66 ára	Örorka yngri en 50 ára
2004	5,5	53	8,3	50
2003	5,6	53	8,5	51
2001	5,0	54	7,3	49
1999	4,8	54	6,9	49
1996	4,3	53	5,9	46
1995	4,2	54	5,6	46
1991	3,3	53	4,3	43
1990	3,1	52	4,1	41

Kristinn Tómasson dr. med: Samantekt fyrir nefndina.

Samandregnar helstu niðurstöður kaflans.

Miðað við mannfjöldaþróun og þátttöku eldra fólks á vinnumarkaði á Íslandi standa Íslendingar ekki frammi fyrir sömu vandamálum og erlendis þar sem sífellt fækkar þeim sem standa undir framleiðslunni á vinnumarkaði. Sama þróun virðist eiga sér stað hérlendis og á sér stað á hinum Norðurlöndunum varðandi fjölgun einstaklinga á örorku. Á Íslandi er atvinnuleysi meðal miðaldra og eldra fólks ekki meira en annarra aldurshópa, sveiflurnar eru minni milli árstíða, hreyfing inn og út af skrá almennt minni, en langtímaatvinnuleysi meira viðvarandi.

Árstíðabundin störf og íhlaupastörf standa frekar ungu fólki til boða, eða þá að yngra fólk sækist frekar eftir störfum af því tagi. Atvinnuöryggi yngra fólks er að öllum líkindum minna en þeirra eldri. Það er samdóma álit að ef þeir sem komnir eru um eða yfir miðjan aldur missa vinnuna, reynist þeim erfiðara að fá vinnu en þeim yngri. Þetta kemur m.a. fram í tölum um langtímaatvinnuleysi.

Stærstur hluti langtímaatvinnulausra hefur einungis grunnmenntun. Könnun á högum langtímaatvinnulausra gefur til kynna að mun fleiri úr aldurshópnum 55 ára og eldri en úr öðrum aldurshópum hættu vegna skipulagsbreytinga og samdráttar.

Áhrif kjarasamninga á atvinnuumhverfi eldra fólks

Almennur markaður

Ákvæði kjarasamninga um eldri starfsmenn eru mismunandi eftir því hvort þeir eru starfsmenn á almennum vinnumarkaði eða opinberir starfsmenn.

Á almenna vinnumarkaðnum er nánast óþekkt að lífaldur hafi áhrif varðandi launaflokka og launþrep, heldur ræður starfsaldur hjá fyrirtæki eða í starfsgrein.

Sama á við um ýmis önnur atriði, svo sem veikindalaun, uppsagnarfrest orlofsrétt o.s.frv. Þau ráðast af starfsaldri hjá fyrirtæki eða í starfsgrein. Samkvæmt samningum ýmissa starfshópa flytja starfsmenn hluta af áunnum veikindalaunarétti til nýs vinnuveitanda. Þá er nýlegt ákvæði um flutning orlofsréttar þar sem starfsmaður sem öðlast hefur 28 daga orlofsrétt eftir 10 ára starf hjá fyrri vinnuveitanda fær hann að nýju eftir þrjú ár hjá nýjum vinnuveitanda.

Fyrir um það bil 10 árum síðan var samið við ASÍ um aukinn uppsagnarfrest eldri starfsmanna á almenna markaðnum. Á þeim tíma var töluvert atvinnuleysi og var komið til móts við þau sjónarmið að erfitt gæti reynst fyrir eldra fólk að fá aðra vinnu ef það missti vinnuna. Var niðurstaðan sú að starfsmönnum 55 ára og eldri var veittur lengri uppsagnarfrestur en almennt gerist og eru sameiginleg ákvæði kjarasamninganna svohljóðandi:

„Sé starfsmanni sagt upp, eftir a.m.k. 10 ára samfellt starf hjá sama fyrirtæki, er uppsagnarfrestur fjórir mánuðir ef starfsmaður er orðinn 55 ára, 5 mánuðir ef hann er orðinn 60 ára og 6 mánuðir þegar hann er orðinn 63 ára. Starfsmaður getur hins vegar sagt upp starfi sínu með þriggja mánaða fyrirvara.“

Á árinu 2000 gerðu Samtök atvinnulífsins samninga við Flóabandalagið, Starfsgreinasambandið og verslunarmannafélögin um stofnun sérstakra fræðslusjóða á almennum vinnumarkaði, til að sinna starfsfræðsluþörfum ófaglærðs starfsfólks á vinnumarkaði. Áður höfðu verið gerðir sambærilegir samningar við iðnaðarmannafélögin. Þessir sameiginlegu fræðslusjóðir eru: Starfsafl, með félögum í Flóabandalaginu, Landsmennt, með Starfsgreinasambandinu og Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks, með Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur og Landssambandi íslenskra verzlunarmanna. Þann 31. maí 2002 gerðu Samtök atvinnulífsins og Landssamband íslenskra útvegsmanna samkomulag við Sjómannasamband Íslands um stofnun fræðslusjóðs sjómanna sem hlaut nafnið Sjómennt.

Í reglugerðum fræðslusjóðanna eru meðal annars ákvæði um tilgang, starfsvettvang og verkefni. Þar er kveðið á um störf að þróunarverkefnum, kynningarstarfi og hvatningu. Sjóðirnir skulu meðal annars stuðla að aukinni hæfni starfsfólks og efla samkeppnisstöðu fyrirtækjanna, styrkja gerð námsefnis og fræðsluframboð og vinna að átaki á sviði starfsfræðslu á íslenskum vinnumarkaði.

Ríkisstarfsmenn

Starfsmenn ríkisins eru rúmlega 12% af heildarvinnuaflinu í landinu. Ríkið gerir kjarasamninga á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, annars vegar og laga um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, hins vegar. Hvert stéttarfélag fer með eigið samningsumboð nema félögin kjósi að hafa samflot eða framselja samningsumboðið til heildarsamtaka sinna.

Kjarasamningar ríkisins eru þannig uppbyggðir í dag að í miðlægum kjarasamningi er samið um tiltekið launabil fyrir hvert starfsheiti og starfsaldurshækkunar starfsmanna ráðast einungis af lífaldri starfsmanna. Í miðlæga kjarasamningnum er ekki gengið frá fullnaðarforsendum launasetningar. Lokahönd er lögð á kjarasamningana með gerð stofnanasamninga sem eru hluti af kjarasamningunum. Stofnanasamningar eru sérstakir samningar milli stofnana og stéttarféлага um aðlögum tiltekinn þátta kjarasamninga að þörfum stofnana og starfsmanna með hliðsjón af eðli starfsemi, skipulagi og/eða öðru því sem gefur stofnunum sérstöðu.

Kjarasamningagerð ríkisins hefur verið með þessu sniði allt frá árinu 1997 þegar samið var við fyrsta stéttarfélagið um svokallað nýtt launakerfi og eru aðilar tiltölulega sáttir við þessa útfærslu. Nú hefur verið samið um slíkt launakerfi við flest öll stéttarfélög starfsmanna ríkisins.

Í þessu kerfi er takmörkuð eins og kostur er, miðstýring launaákvæðana. Þess í stað er samið um tiltekið launabil fyrir hvert starfsheiti í miðlægum kjarasamningi. Stofnanir hafa síðan tækifæri til að umbuna starfsmönnum sínum á grundvelli mats á starfinu sjálfu eða persónubundnum verðleikum starfsmannsins. Þetta er útfært í stofnanasamningum.

Ákvarðanir um vinnutíma hafa verið rýmkaðar, til dæmis með þeim hætti að heimilt er að semja um rýmkun dagvinnutíma á virkum dögum.

Möguleikar starfsmanna og stofnana til að fá aðstoð og stuðning við fræðslu og endurmenntun eru oftast áþekkir á grundvelli símenntunarákvæði kjarasamninga félaga innan sama bandalags. Starfsmenntasjóðir eru hjá BHM, BSRB og KÍ.

Ákvörðunum um námssókn og námskeiðshald hefur að mestu verið komið í hendur hvorrar stofnunar og er venjulega í samræmi við endurmenntunar-/starfsþróunaráætlun hennar.

Sátt er um þetta fyrirkomulag og það er ekki talið hafa áhrif á framgang þeirra sem eru miðaldra á vinnumarkaði. Í viðauka II b má sjá yfirlit yfir aldursdreifingu ríkisstarfsmanna eins og hún var í mars 2004. Þar kemur fram að fjölmennasti hópur ríkisstarfsmanna er á aldursbilinu 46–50 ára og eru konur heldur yngri en karlarnir. Meðalaldur forstöðumanna hjá ríkinu eru u.þ.b. 50 ár.

Samandregnar helstu niðurstöður kaflans

Á almenna vinnumarkaðinum ræður starfsaldur launaflokkum og launabrepum en hjá ríkinu ráðast starfsaldurshækkarnir starfsmanna einungis af lífaldri starfsmanna. Á almenna vinnumarkaðinum er um að ræða aukinn uppsagnarfrest hjá starfsmönnum eldri en 55 ára sem hafa unnið a.m.k. 10 ár hjá sama fyrirtæki. Hjá ríkinu eru ákvarðanir um námssókn og námskeiðahald að mestu í höndum hverrar stofnunar og skulu vera í samræmi við endurmenntunar-/starfsþróunaráætlun. Á almennum vinnumarkaði eru fræðslusjóðir. Ekki er um að ræða sér ákvæði fyrir ákveðna aldurshópa.

Samspil lífeyrismála og atvinnuþátttöku

Sem fyrr segir hefur atvinnuþátttaka á vinnumarkaðinum innan ríkja OECD minnkað mikið á undanförunum árum. Sú þróun sem átti sér stað fram til síðasta áratugar síðustu aldar, að auðveldað var brotthvarf eldri starfsmanna af vinnumarkaði, hefur reynst þjóðfélögunum dýr og nú standa þau frammi fyrir því að vinnuaflíð verður ekki nægjanlegt til að standa undir framfærslunni. Því er verið að hverfa frá ýmis konar aðgerðum, s.s. snemmtöku á lífeyri, sem auðvelduðu fólki brotthvarf af vinnumarkaði. Snemmtaka lífeyris er nær óþekkt á Íslandi. Sennilega má að mestu rekja ólíka þróun á Íslandi, miðað við þjóðir sem við gjarnan berum okkur saman við, til þess að atvinnuleysi hefur verið hverfandi og skortur á vinnuafli fremur en offramboð. Einnig hefur aldursamsetning þjóðarinnar verið með þeim hætti að lítill þrýstingur hefur verið á stjórnvöld að færa eftirlaunaaldurinn niður. Þetta mun þó breytast hratt á næstu árum og áratugum en Íslendingum á eftirlaunaaldri á eftir að fjölda mjög í framtíðinni.²¹

Nefnd starfandi á vegum forsætisráðuneytis skilaði skýrslu í lok desember árið 2002 um sveigjanleg starfslok. Nokkrir nefndarmenn í nefnd félagsmálaráðherra sem kannar stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði sátu einnig í þeirri nefnd. Ekki þótti ástæða til að fara aftur í vinnu sem sneri að lífeyrisréttindum fólks en fengið að láni efni sem fyrri nefnd hafði unnið um þetta efni. Það sem birtist um lífeyrismál í þessari skýrslu er nánast óbreytt tekið úr skýrslu forsætisráðherra um sveigjanleg starfslok.²²

Starfslok og almannatryggingakerfið

Í meginatriðum hvílir íslenska eftirlaunakerfið á þremur stöðum – almannatryggingum, samtryggingarlífeyrissjóðum og valfrjálsum lífeyrissparnaði.²³

Almenni eftirlaunaaldurinn á Íslandi er 67 ár, en ríkis- og bæjarstarfsmanna 65 ár og geta eftirlaunaþegar þá fengið grunnlífeyri og tekjutengdar bætur frá almannatryggingum. Undantekning frá þessu eru sjómenn en þeir geta fengið lífeyri frá 60 ára aldri. Auk þess eru greiddar heimilisuppbætur til einstæðinga í kerfinu. Almannatryggingar fjármögnuðu um helming ellilífeyris árið 1999. Þetta hlutfall er lágt á Íslandi en til samanburðar er það 85% í Þýskalandi, 65% í Bretlandi og 45% í Bandaríkjunum. Þetta endurspeglar aldursamsetningu þjóðarinnar og mikið vægi samtryggingarlífeyrissjóðanna í eftirlaunakerfi landsmanna.

Annað sem hefur áhrif á ákvarðanir um starfslok

Nefnd um sveigjanleg starfslok stóð fyrir könnun á högum fólks á aldrinum 55–75 ára sem Hagfræðistofnun og IMG-Gallup framkvæmdu. Þar kemur meðal annars fram að 40% aðspurðra á aldrinum 55–64 ára vildu geta minnkað við sig vinnu við hefðbundinn starfslokaaldur fremur en að hætta alveg. Sama hlutfall fólks á þessum aldri telur hins vegar æskilegra að geta hætt alveg störfum við þann aldur.

²¹ Forsætisráðuneytið; skýrsla um sveigjanleg starfslok október 2002

²² Forsætisráðuneytið; skýrsla um sveigjanleg starfslok október 2002

²³ Forsætisráðuneytið; skýrsla um sveigjanleg starfslok október 2002

Könnunin leiðir meðal annars í ljós að af þeim sem hættu störfum fyrir 67 ára aldur sögðust:

- 30% hafa hætt vegna heilsufars,
- 20% til að geta notið lífsins meðan aldur og heilsa leyfðu og
- 15% sögðust hafa hætt störfum vegna þess að fjárhagur þeirra leyfði.

Af þeim sem héldu áfram að vinna eftir að 67 ára aldri var náð sögðust:

- 39% ástæðuna vera þá að þeir vildu bæta fjárhagslega stöðu sína,
- 30% sögðust hafa ánægju af starfi sínu og
- 31,5% tilgreindu aðrar ástæður, til dæmis að þeir vissu ekki hvað þeir ættu að gera ella, vildu vera virkir, eða ynnu áfram að ósk vinnuveitenda.

Sérstakar ráðstafanir hjá fyrirtækjum

Einstök fyrirtæki hafa á undanförunum árum gefið aukinn gaum að starfslokum eldri starfsmanna sinna og gert ráðstafanir til að greiða fyrir snemmtæknum starfslokum og bættum hag starfsmanna við starfslok. Ekki liggja fyrir upplýsingar um það hversu almennt það er að fyrirtæki hafi gert ráðstafanir af þessu tagi.²⁴

Samandregnar helstu niðurstöður kaflans

Í meginatriðum hvílir íslenska eftirlaunakerfið á þremur stöðum – almannatryggingum, samtryggingarlífeyrissjóðum og valfrjálsum lífeyrissparnaði. Snemmtaka lífeyris er ekki algeng á Íslandi. Sveigjanleiki ellilífeyriskerfisins skiptir miklu máli varðandi þátttöku eldra fólks á vinnumarkaði.

²⁴ Forsætisráðuneytið; skýrsla um sveigjanleg starfslok október 2002

Lagaumhverfið og aðgerðir stjórnvalda erlendis

Sem fyrr hefur komið fram er ólík staða miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði á Íslandi miðað við erlendis. Erendis standa stjórnvöld frammi fyrir þeirri þróun að sífellt fækkar vinnandi höndum í framleiðslunni. Einnig sýna rannsóknir að til staðar er mismunur gagnvart eldra fólki á vinnumarkaði.²⁵ Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins í nágrannalöndum okkar hafa brugðist við þessari þróun með ýmsum aðgerðum.

Nefndin skrifaði bréf til systurstofnana Vinnumálastofnunar á Norðurlöndunum þar sem óskað var upplýsinga, hvort fram hefðu farið rannsóknir um málefnið, hvort lagaumhverfið taki á einhvern hátt á því og hvort aðilar vinnumarkaðarins hafi samið með einhverjum hætti um þessi málefni. Svörin gerðu grein fyrir lagalegri stöðu og vísuðu til neðangreindrar skýrslu sem heimildar fyrir frekari upplýsingar.

Á árinu 2003 var á vegum Nordisk Ministerråd unnin samantekt um aðgerðir Norðurlandanna til að sporna við ofangreindri þróun. Ísland var ekki með í þeirri úttekt en niðurstöður birtar í skýrslu sem kom út í desember 2003.²⁶

Evrópusambandið

Evrópusambandið hefur gefið út tilskipun 2000/78/EB sem er almennur rammi fyrir jafna meðhöndlun í atvinnu og starfi. Tilskipunin tekur til mismununar vegna aldurs, fötlunar, trúarbragða, kynhneigðar, atvinnu og starfs. Hún fjallar um aðgengi starfa, vinnuáðstæður, laun og starfstengd réttindi. Aðildarríkin hafa 3 ár til að hrinda efni tilskipunarinnar í framkvæmd.

Aðildarlöndin geta gengið lengra en tilskipunin kveður á um varðandi réttindamál.

Öll aðildarríkin sem gengu í Evrópusambandið 1. maí s.l. hafa tilkynnt um aðgerðir til þess að innleiða tilskipanir um aðgerðir gegn mismunun á vinnumarkaði í sín lög.

Norðurlöndin

Noregur, Finnland, Svíþjóð og Danmörk hafa öll sett af stað aðgerðir í viðleitni sinni til þess að auka þátttöku eldri starfsmanna á vinnumarkaði og koma í veg fyrir mismunun. Um mjög mismunandi aðgerðir er þó að ræða.

Á meðfylgjandi töflum má sjá samandregnar aðgerðir Norðurlandanna.

²⁵ Skjerpet vern mot diskriminering i arbeidslivet; Oslo 2002

²⁶ PLS Ramboll management; Nordisk Ministerråd, Seniorers konkurrencekraft, Analyse af seniorpolitikker og seniorers værdi i fire nordiske lande, desember 2003

Tafla 3. Meginaðgerðaráætlanir á Norðurlöndum vegna málefna eldra fólks á vinnumarkaði

	Danmörk	Svíþjóð	Noregur	Finnland
1. Er til samhæfð pólitísk meginaðgerðaráætlun um að viðhalda eða vinna að þátttöku eldri borgara í samfélaginu?	4	4	5	5
1a. Hversu öflug er aðgerðaráætlunin með tilliti til þess að ná til allra þátttakenda? (Taka til dæmis aðilar vinnumarkaðarins, félagslega kerfið og heilbrigðiskerfið þátt?)	4	3	5	5
1b. Hversu víðtæk er aðgerðaráætlunin með tilliti til stefnu- og aðgerðarsvæða? (Nær hún til dæmis til endurmenntunar, vinnuumhverfis og hollustuhátta, fjárhagslegrar hvatningar?)	3	4	5	5
1c. Hversu mælanleg er aðgerðaráætlunin? (Eru gerðar kröfur um virkni?)	3	3	2	5

Heimild: PLS Ramboll management; Nordisk Ministerråd, Seniorers konkurrencekraft, Analyse af seniorpolitikker og seniorers værdi i fire nordiske lande, desember 2003

Skýringar á töflu: 5 = mjög; 4 = nokkuð; 3 = ekkert; 2 = ekki vitað.

Tafla 4. Umræða, afstaða og verðmæti – stuðningsaðgerðir við eldra fólk á vinnumarkaði á Norðurlöndunum

	Danmörk	Svíþjóð	Noregur	Finnland
1. Lagasetning gegn mismunum vegna aldurs í atvinnuauðglýsingum.	Lagafrumvarp sem ekki er búið að samþykkja	Lagafrumvarp sem ekki er búið að samþykkja	5	5
2. Önnur lagasetning sérstaklega ætluð eldri borgurum.	5	4		5
3. Kynningarherferðir	4	3	5	5
3a. Styrkingarherferðir	4	3	5	5
3b. Merkingarfyrirkomulag (til dæmis skráð í félagslega kerfinu) (frjálst í DK) eða stigamat á fyrirtækjum sem taka þátt (sjálfböða- en bindandi samningar í Noregi))	5	3	5	3
4. Samningar um áætlanir varðandi eldri borgara		3		
4a. Með kjarasamningum /í félagslega kerfinu	5	4	5	5

Heimild: PLS Ramboll management; Nordisk Ministerråd, Seniorers konkurrencekraft, Analyse af seniorpolitikker og seniorers værdi i fire nordiske lande, desember 2003

Skýringar á töflu: 5 = mjög; 4 = nokkuð; 3 = ekkert; 2 = ekki vitað.

Tafla 5. Fjárhagslegur rammi á Norðurlöndunum vegna stuðningsaðgerða við eldra fólk á vinnumarkaði

	Danmörk	Svíþjóð	Noregur	Finnland
1. Er fyrir hendi kerfi um launauppbót með eldri borgurum í starfi.	5	3	3	5
2. Er fyrir hendi fyrirkomulag um launauppbót með eldri borgurum án vinnu.	5	4	5	3
3. Eru til fjárhagslegar hvatningar til fyrirtækja vegna eldri borgara, til dæmis viðurkenningar- og eða refsiaðgerðir gagnvart vinnuveitendum.	3	3	3	5
4. Hefur verið gerð endurskoðun á ellilífeyrskerfinu? ¹				
Já Áætluð Nei	5	4	5	5
5. Hefur verið gerð endurskoðun á eftirlaunakerfinu? ¹				
Já Áætluð Nei	5	5	5	5
6. Eru í gangi einhverjar ákveðnar endurhæfingaráætlanir fyrir eldri borgara?	5	2	3	2

Heimild: PLS Ramboll management; Nordisk Ministerråd, Seniorers konkurrencekraft, Analyse af seniorpolitikker og seniorers værdi i fire nordiske lande, desember 2003

¹ Síðustu 5–10 árin.

Skýringar á töflu: 5 = mjög; 4 = nokkuð; 3 = ekkert; 2 = ekki vitað.

Frekari upplýsingar um skýrsluna er að finna: sjá netslóð í viðauka II c.

Svíþjóð og Finnland sendu ítarefni sem svör við fyrirspurn nefndarinnar. Í Svíþjóð er að finna í lögum um ráðningarvernd (anställningsskydd) ákvæði sem meðhöndla eldra starfsfólk á jákvæðan hátt. Aðal reglan við uppsagnir vegna verkefnaskorts er sú að sá sem síðast var ráðinn inn er sá sem fer fyrst í samdrætti. Þetta kemur þeim vel sem hafa lengri ráðningartíma sem er í flestum tilfellum þeir sem eru eldri.²⁷

Eins og sjá má af töflunum hér að ofan eru Finnland og Noregur með umfangsmestu aðgerðirnar innan Norðurlandanna vegna eldra fólks á vinnumarkaði. Í Noregi fer öll stefnumótun fram í gegnum Senter for seniorpolitikk sem er rannsóknar- og þjónustumiðstöð vegna málefna eldra fólks.²⁸ Ekki hafa verið könnuð áhrif lagasetningar á aðstæður hinna eldri á vinnumarkaði í Finnlandi.²⁹

²⁷ Upplýsingar unnar fyrir nefndina frá Näringsdepartementet í Svíþjóð

²⁸ Heimasíða: www.seniorpolitikk.no

²⁹ Upplýsingar unnar fyrir nefndina frá Arbetsministeriet í Finnlandi.

Bandaríkin

Frá árinu 1967 hafa verið í gildi lög í Bandaríkjunum sem banna mismunun í atvinnulífinu (Age Discrimination in Employment Act of 1967 – ADEA). Þar er lagt bann við mismunun á vinnumarkaði gegn 40 ára og eldri.

Þau miða að því að;

hæfni en ekki aldur sé höfð að leiðarljósi við stöðuhækkunir, banna mismunun á grundvelli aldurs við ráðningar og hjálpa atvinnurekendum og starfsmönnum að ráða fram úr vandamálum sem skapast þegar áhrif aldurs koma í ljós. Sjá nánar í viðauka II d

Samandregnar helstu niðurstöður kaflans

Norðurlöndin hafa öll sett af stað aðgerðir til þess að lengja viðveru eldri starfsmanna á vinnumarkaði og koma í veg fyrir mismunun. Umfangsmestu aðgerðirnar eru í Finnlandi og Noregi. Þá mál geta þess að í Bandaríkjunum hafa verið í gildi lög frá 1967 sem banna mismunun á vinnumarkaði og taka meðal annars til aldurs.

Núverandi lagaumhverfi á Íslandi

Nefndin fékk lögfræðilega úttekt hjá félagsmálaráðuneytinu á innlendra löggjöf með tilliti til hvort finna mætti ákvæði sem veittu sérstaka vernd á vinnumarkaði vegna aldurs fólks. Í ljós kom að tiltölulega fá lög fjalla sérstaklega um réttindi eldra fólks eða veita sérstaka vernd vegna aldurs fólks á vinnumarkaði að undanskildum börnum og ungmennum undir 18 ára aldri.

Gerður er fyrirvari um að úttektin sé tæmandi.

Bann við mismunun

Í **65. gr. stjórnarskrárinnar** er kveðið á um að „[a]llir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, uppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“ Þá kemur fram í **14. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 64/1994**, að „[r]éttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórn mála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarrar stöðu.“

Í **lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda**, með síðari breytingum, segir að „[l]aun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skulu vera lágmarkskjör, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til. Samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir.“ Aldur er hér ekki sérstaklega tilgreindur en sumir kjarasamningar fjalla um aldurstengd réttindi, svo sem aukinn orlofsrétt þegar tilteknum aldri er náð.

Enn fremur er að finna sérákvæði um vernd gegn mismunun í **lögum nr. 139/2003, um tímabundna ráðningu starfsmanna** sem er svohljóðandi:

„Starfsmaður með tímabundna ráðningu skal hvorki njóta hlutfallslega lakari starfskjara né sæta lakari meðferð en sambærilegur starfsmaður með ótímabundna ráðningu af þeirri ástæðu einni að hann er ráðinn tímabundið nema það sé réttlætanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna.

Þegar krafist er ákveðins starfsaldurs til að öðlast tiltekin starfskjör skulu sömu skilyrði gilda fyrir starfsmann með tímabundna ráðningu og sambærilegan starfsmann með ótímabundna ráðningu nema krafan um mismunandi starfsaldur sé byggð á hlutlægum ástæðum.“

Öllum er tryggður aðgangur að opinberum vinnumiðlunum, úrræðum á vegum þeirra sem hafa það að markmiði að auka færni fólks í starfi sem og önnur starfsþjálfun á vegum opinberra aðila óháð aldri, kynhneigð, trú/trúarbrögðum og þjóðerni á grundvelli **laga nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir**, og **jafnræðisreglu stjórnisýsluréttar**. Gera má ráð fyrir að aldurhugtakið falli undir „aðrar sambærilegar ástæður“ í **2. mgr. 11. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993** sem er svohljóðandi: „Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða, byggðum á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti,

þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum.“

Enn fremur hafa íslensk stéttarfélög veitt öllum er þess óska aðild að félögum sínum án tilltis til þjóðernis, uppruna, trúar og aldurs án þess að slíkt sé sérstaklega tryggt í lögum. Hins vegar er kveðið á um það í **lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur**, með síðari breytingum, að öllum sé heimilt að stofna stéttarfélög.

Bein og óbein mismunur gagnvart eldra fólki á vinnumarkaði er ekki sérstaklega skilgreind í íslenskum lögum. Enn fremur er ekki að finna ákvæði um sérstaka vernd eldra fólks á vinnumarkaði gegn uppsögnum eða öðrum neikvæðum afleiðingum að frátöldum *lögum nr. 27/2000, um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanns*.

Aldurshámörk

Víða í íslenskum lögum er að finna ákvæði um aldurshámörk til að sinna tilteknum störfum. Þar má nefna **33. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins** þar sem tekið er fram að embættismanni skuli veita lausn frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann nær 70 ára aldri. Í **2. mgr. 43. gr. sömu laga** kemur fram sama regla að því er varðar aðra ríkisstarfsmenn.

Samkvæmt **26. gr. læknlaga nr. 53/1988** er lækni óheimilt að reka lækningastofu eftir 75 ára aldur enda þótt heilbrigðisráðherra sé heimilt að veita undanþágu frá þessari takmörkun til eins árs í senn.

Í **lögreglulögum nr. 90/1996** er kveðið á um að lögreglumannsefni skuli vera á aldrinum 20-35 ára en þó má víkja frá aldurshámörkinu við sérstakar aðstæður, sbr. 2. mgr. 38. gr. laganna er fjallar um inntöku nýnema og námstílhögun Lögregluskóla ríkisins. Próf frá Lögregluskólanum er skilyrði fyrir skipun til lögreglustarfa, sbr. 3. gr. 28. gr., en heimilt er að veita undanþágu vegna tímabundinna ráðninga. Þá er samkvæmt 29. gr. a. laganna skylt að leysa lögreglumenn frá embætti þegar þeir eru 65 ára eða fyrr eftir því sem dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð.

Má gera ráð fyrir að víða séu sams konar ákvæði í ýmsum sérlögum um einstakar starfsstéttir.

Eldri borgarar

Ýmis lög fjalla um réttindi og þjónustu eldri borgara en oft er miðað við 67 ára aldur í þeim efnum. Sem dæmi má nefna **lög nr. 117/1993, um almannatryggingar** er fjalla um rétt til ellilífeyris, sbr. 11. gr. laganna, og **lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra** sem fjalla um rétt aldraðra til heilbrigðis- og félagslegrar þjónustu sem þeir þurfa á að halda. Þá má nefna **lög nr. 113/1994, um eftirlaun til aldraðra** sem virðast einungis gilda um nánar skilgreinda einstaklinga sem fæddir eru 1914 eða fyrr.

Samandregnar helstu niðurstöður kaflans

Bein og óbein mismunun gagnvart eldra fólki á vinnumarkaði er ekki sérstaklega skilgreind í íslenskum lögum. Enn fremur er ekki að finna ákvæði um sérstaka vernd eldra fólks á vinnumarkaði gegn uppsögnum eða öðrum neikvæðum afleiðingum að frátöldum lögum nr. 27/2000, um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanns.

Samandregnar niðurstöður skýrslunnar.

A

Hlutverk nefndarinnar var að fjalla um stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði og koma með tillögur hvernig styrkja mætti stöðu þeirra og með hvaða hætti opinberir aðilar geti brugðist við.

